

LÖG**um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Nú er örorkan metin meiri en 50%, og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 18 ára, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys bar að höndum, eftir reglum 35. gr. b. og c. Ef örorkan er 75% eða meiri, skal greiða fullar bætur, og gildir það bæði vegna barna, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys átti sér stað, svo og þeirra, sem hann framfærir síðar. Sé orkutapið minna en 75%, lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.***LÖG****um breyting á lögum nr. 88 24. des. 1971 um 40 stunda vinnuviku,
sbr. lög nr. 25 22. maí 1979.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. grein laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Frá og með árinu 1983 skal fyrsti mánudagur í ágúst vera frídagur og skal greiða laun fyrir þann dag samkvæmt sömu reglum og gilda í kjarasamningum um aðra almenna frídaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Svavar Gestsson.